

Garðabær
Garðatorgi 7
210 Garðabær

b.t. bæjarráð

Reykjavík, 2.október 2018

Varðar: Samstarf um uppbyggingu almennra íbúða

Bjarg íbúðafélag er húsnæðissjálfsseignarstofnun stofnuð af ASÍ og BSRB. Félagið er rekið án hagnaðarmarkmiða samkvæmt lögum nr. 52/2016 um almennar íbúðir. Því er ætlað að tryggja tekjulágum á vinnumarkaði aðgengi að öruggu íbúðarhúsnæði í langtímaleigu. Um er að ræða svokölluð leiguheimili að norrænni fyrirmynd, "Almene boliger".

Leiðarljós félagsins er að byggja vel hannað, hagkvæmt og endingargott leiguhúsnæði. Félagið hefur samið við Reykjavík um byggingu 1000 íbúða og Hafnarfjörð um 150 íbúðir. Þá hefur félagið gert viljayfirlýsingu um 75 íbúðir á Akureyri, 33 íbúðir á Akranesi, 44 íbúðir Árborg, 13 íbúðir Þorlákshöfn og 5 íbúðir í Sandgerði. Þá á félagið í viðræðum við önnur sveitarfélög.

Bjarg stefnir á að byggja/hefja byggingu um 1400 almennra leiguíbúða í fyrsta áfanga verkefnisins sem var áætlaður 2016-2020. Félagið er nú með tæplega 240 íbúðir í byggingu og um 430 í hönnunarferli. Stefnt er á að fyrstu íbúðir verði afhentar um mitt ár 2019.

Áætlanir Bjargs um leiguverð gera ráð fyrir um 130-160 þúsund á mánuði fyrir 3ja herbergja íbúð. Lóðakostnaður og skipulagsskilmálar vega mest í mismun leiguupphæða.

Bjarg óskar eftir viðræðum við Garðabæ um lóð og stofnframlag vegna byggingar almennra íbúða í bæjarfélaginu. Ljóst er að þörf er á átaki í íbúðamálum fyrir tekjulága einstaklinga/fjölskyldur og mikilvægt að sem flest bæjar- og sveitafélög taki þátt í þessu verkefni.

Þá getur Bjarg komið á fund bæjarráðs, kynnt félagið, lagaumhverfi almennra íbúða og lausnir sem félagið vinnur með til að ná markmiðum um hagkvæmar íbúðir.

Virðingarfyllt,
Björn Traustason
framkvæmdastjóri

